



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 12.04. '22

Úrskurður aganefndar 12. apríl 2022

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Þann 7. apríl s.l. barst aganefnd erindi frá framkvæmdastjóra HSÍ vegna viðtals Arnars Daða Arnarssonar, þjálfara Gróttu, sem birtist á vef mbl.is þann 6. apríl 2022, í kjölfar leiks ÍBV og Gróttu í Olís deild karla. Þá barst aganefnd skýrsla dómara vegna háttsemi fyrrnefnds þjálfara að leik loknum vegna móðgandi hegðunar í garð dómara leiksins. Dómara meta það brot falla undir reglu 8:10 a) og 16:11 c).

Í samræmi við 18.gr. reglugerðar HSÍ um agamál var Gróttu gefinn kostur á að skila inn skriflegri greinargerð vegna erindis framkvæmdastjóra HSÍ. Greinargerð barst frá Íþróttafélaginu Gróttu þann 9. apríl s.l.

Samkvæmt 18. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er stjórn eða framkvæmdastjóra HSÍ heimilt að vísa til aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd handknattleiksíþróttarinnar. Um getur verið að ræða hvers kyns ósæmilega framkomu innan eða utan leiks eða á annan hátt opinberlega. Aganefnd hefur farið yfir umrædd ummæli. Aganefnd tekur undir að þjálfarinn hefði í viðtalinu mátt viðhafa varfærnislegra orðalag og að téð ummæli séu honum ekki til framdráttar. Með vísan til fyrri fordæma verður við þessar aðstæður að gera greinarmun á, annars vegar ummælum sem fela í sér almenna gagnrýni á störf dómara og hins vegar alvarlegum aðdróttunum í garð einstakra aðila, ásakanir um óheiðarleika eða aðra viðlíka háttsemi. Telur nefndin að umrædd ummæli falli undir hvoru tveggja, en með orðum sínum gaf þjálfarinn dómurum leiksins að sök að draga taum annars liðsins. Slík háttsemi gengur gegn 18. gr. reglugerðar HSÍ um agamál og eru til þess falllin að skaða ímynd íþróttarinnar út á við.

Með vísan til alls framangreinds er niðurstaða nefndarinnar að ummælin feli í sér ósæmilega framkomu sem skaðað getur ímynd handknattleiksíþróttarinnar. Aganefnd telur því ljóst að umrætt atvik uppfylli öll skilyrði 18. gr. reglugerðar HSÍ um agamál og efni standa til að láta þjálfarann sæta viðurlögum í máli þessu og áréttar mikilvægi þess að þjálfarar líkt og leikmenn liða sýni í orðum og í verki þá almennu háttvísi og framkomu sem samboðin er handknattleiksíþróttinni. Þá verður þjálfaranum einnig gerð refsing vegna þeirra atvika sem áttu sér stað að leik loknum og um er getið í agaskýrslu dómara.

Telur aganefnd með hliðsjón af atvikum málsins að þriggja leikja bann séu hæfileg viðurlög vegna framangreindra brota.

Arnari Daða Arnarssonar, þjálfari Gróttu, er því úrskurðaður í þriggja leikja bann.

2. Þórhildur Vala Kjartansdóttir leikmaður Aftureldingar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik KA/Þór og Aftureldingar í Olís deild kvenna þann 09.04.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.



3. Fannar Þór Friðgeirsson leikmaður ÍBV hlaut útlökun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik HKog ÍBV í Olís deild karla þann 10.04.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
4. Gunnar Marlmquist Þórsson leikmaður Aftureldingar hlaut útlökun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Aftureldingar og Fram í Olís deild karla þann 10.04.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
5. Ægir Hrafn Jónsson leikmaður Fram hlaut útlökun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Aftureldingar og Fram í Olís deild karla þann 10.04.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
6. Birgir Steinn Jónsson leikmaður Gróttu hlaut útlökun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Gróttu og KA í Olís deild karla þann 10.04.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Arnar Kormákur Friðriksson, Sverrir Pálmason og Vala Valtýsdóttir.